

Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps

From: Lovísa Árnadóttir <lovisa@samorka.is>
Sent: mánudagur, 7. nóvember 2022 14:26
To: Páll Erland; Almar Barja; Baldur Dýrfjörð; Finnur Beck
Subject: Desemberfundur og jólahlaðborð Samorku
Attachments: 1.png; 2.png

Sæl öll,

Hinn árlegi Desemberfundur Samorku snýr aftur eftir Covid-dvala og verður haldinn **fimmtudaginn 1. desember á Hótel Borg**. Þar verður boðið upp á fræðandi dagskrá sem svo lýkur með glæsilegu jólahlaðborði.

Desemberfundurinn hefst kl. 15 með léttum kaffiveitingum, en formleg dagskrá hefst svo kl. 15.30 þar sem valin ráð og hópar kynna starfið síðustu misseri. Hjá Samorku eru tæplega 40 ráð og hópar þar sem um 200 sérfræðingar aðildarfyrirtækja Samorku leggja fram krafta sína til að gera starf Samorku jafn öflugt og raun er. Á desemberfundi gefst kjörið tækifæri til að heyra frá nokkrum verkefnum og viðfangsefnum sem hóparnir vinna að.

Sérstakur gestur fundarins verður Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar.

Að fundi loknum verður jólahlaðborð í Gyllta salnum, þar sem borðin svigna undan kræsingum að hætti hússins.

Skráning á fundinn fer fram á heimasíðu Samorku. <https://samorka.is/utgafa-og-midlun/vidburdir/desemberfundur-2022/>

Hótel Borg býður einnig tilboð í gistingu sem bóka þarf fyrir 18. nóvember, sjá líka undir sömu síðu.

Með kveðju,



Lovísa Árnadóttir

Upplýsingafulltrúi

lovisa@samorka.is

(+354) 698 7568

www.samorka.is

[Samorka 25 ára - afmælisbæklingur](#)

SAMORKA Samtök orku- og veitufyrirtækja

Borgartún 35, 105 Reykjavík

(+354) 588 4430

samorka@samorka.is

Upplýsingar í þessu tölvubréfi og meðfylgjandi viðhengjum eru eingöngu ætlaðar þeim sem póstinum er beint til og skal fara með innihald póstsins sem trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun eða mistök móttekið þennan tölvupóst biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þér hafi borist hann ranglega.